

**Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á skipuriti og innra skipulagi þjónustu- og nýsköpunarsviðs**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera svohljóðandi breytingar á skipuriti og innra skipulagi þjónustu og nýsköpunarsviðs Reykjavíkur:

Nafni sviðsins verði breytt í Upplýsinga- og þjónustusvið Reykjavíkur sem skiptist í eftirfarandi starfseiningar:

**A. Skrifstofa sviðsstjóra:** Ber ábyrgð á fjármálum, áætlanagerð og því að markmiðum sviðsins sé náð.

**B. Þjónustuskrifstofa:** Þjónustuver Reykjavíkurborgar ásamt einni rafrænni þjónustumiðstöð sem heldur utan um allar rafrænar umsóknir fyrir öll svið og skrifstofur borgarinnar.

**C. Upplýsingatækniskrifstofa:** Öll grunntölvuþjónusta, kerfisrekstur (umsjón með verktökum ofl.). Umsjón með stafrænni umbreytingu, vefstjórn og öll innri rafræn þróunarvinna og forritun verða undir þessari skrifstofu og unnir í nánu samstarfi við rafræna þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar.

**D. Gagnþjónusta:** Borgarskjalasafn og öll rafræn gagnavinnsla.

Leitað verði eftir auknu samstarfi við Stafrænt Ísland og [island.is](http://island.is) um stafræna þróun borgarinnar, innskráningu notenda í gegnum [island.is](http://island.is) og sameiginleg innkaup á tækjabúnaði og hugbúnaðarleyfum.

Með þessum breytingum verði lögð enn meiri áhersla á að stafræn umbreyting auðveldi aðgengi borgarbúa að rafrænni þjónustu á vefjum borgarinnar í stað þess að stór hluti fjármagnsins fari í innri umbreytingar á sviðinu sjálfu.

**Greinargerð:**

Í þessum breytingartillögum mun felast sparnaður þar sem Reykjavíkurborg, ríki og sveitarfélög leggjast á eitt við að veita almenningi sambærilega rafræna þjónustu. Sparnaður felst í því að fækka skrifstofum og yfirbyggingu sviðsins með því að sameina skrifstofur sem hafa með samþætta upplýsingatækniferla að gera.

Rafræn þjónusta Reykjavíkurborgar er í grunninn ekkert öðruvísi en sú rafræna þjónusta sem aðrir opinberir aðilar eru að veita. Reykjavíkurborg er ekki hugbúnaðarfyrirtæki heldur á að leita samninga við reynslumikil hugbúnaðarfyrirtæki á einkamarkaði um tilbúnað lausnir og þróun ásamt því að leita formlegs samstarfs við [island.is](http://island.is). með því markmiði að koma eins miklu undir [island.is](http://island.is) og hægt er.

Þegar farið er yfir verkefnastöðu þjónustu- og nýsköpunarsviðs má glögg sjá að ekki liggja fyrir skýr verkefnatengd markmið með nákvæmri tíma- og framkvæmdaráætlun. Flest verkefni hafa verið og eru enn í einhvers konar tilrauna- og þróunarfasa eins og verið sé að finna upp hjólið. Samtök iðnaðarins og aðrir fagaðilar hafa bent á að Reykjavíkurborg hefuri verið að ráða til sín tugi sérfræðinga með það að markmiði að hefja hugbúnaðarframléiðslu í beinni samkeppni við fyrirtæki á einkamarkaði.

Þær tillögur sem hér eru lagðar fram fela í sér að „notendarannsókn“ í þeim mæli sem þær hafa verið, verði hætt og Gróðurhúsið og aðrar tilraunasmiðjur með tilheyrandi kostnaði verði lagðar niður. Leitað verður þess í stað til fagaðila sem tækju að sér stutt verkefni um greiningarferla þegar á þarf að halda.

Áralöng hugmynda- og tilraunastarfsemi sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur verið með í gangi undir merkjum Gróðurhússins og annarra verkefnastofa, hefur hvorki skilað afurðum né raunverulegum lausnum til borgarbúa að heitið geti. Tilraunastarf þarf ekki að vinna þegar lausnir eru til.

Fulltrúa Flokks fólksins finnst að áfram eigi að nýta þjónustu verktaka á álagspunktum eins og áður en samhliða föstum þjónustukjarna fastra starfsmanna.

Fulltrúa Flokks fólksins hefur þótt ólíðandi að horfa upp á hvernig þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar (PON) hefur farið með fjármagn borgarbúa í þessa uppgötvunar og tilraunastarfsemi þegar þess hefur ekki þurft.

Stafrænar lausnir eru framtíðin og munu létta mjög á ferlum og flýta fyrir þjónustu. Staðan í Reykjavík er slæm. Það líður varla sú vika að þjónustuþegar kvarta ekki yfir seinagangi í afgreiðslu umsókna hjá borginni. Hvort sem það eru umsóknir tengdar byggingarferli eða útboðsferli þá er umsóknarkerfið hjá borginni þannig að ekki er hægt að senda inn möppur með rafrænum skjölum heldur verður að tína skrárnar inn hverja fyrir sig. Kerfið er því hægt og stírt sem veldur ómældum áhyggjum og álagi hjá umsækjendum og þjónustuþegum.

Svona er staðan þrátt fyrir að að minnsta kosti 3 ár ef ekki meira eru síðan ferlið hófst til að bæta aðgengi að þjónustunni og einfalda ferla.

Það virðist vera sem stór hluti þeirra fjármuna sem úthlutað hefur verið í stafræna umbreytingu, hafi endað inn á sviðinu sjálfu í margvíslegar innri breytingar sem margar hverjar munu í þökkabót þýða enn meiri útgjöld þegar fram líða stundir. Það er hlutverk innri endurskoðunar að fara gaumgæfilega yfir kostnað með framangreinda kostnaðaraukningu í huga.

Fulltrúi Flokks fólksins telur að sviðið sem er ábyrgt fyrir því hvernig fjármagnið er notað hafi leikið sér með peninga útsvarsgreiðenda. Strax í byrjun hefði átt að leita að lausnum sem þá þegar voru til og farin að virka. Dæmi um það eru „rafrænar undirskriftir“ sem þjónustu- og nýsköpunarsvið er enn með í uppgötvunarfasa og er að fara með í þróunarfasa á meðan lausnin hefur í langan tíma verið til. Hagkvæmast hefði verið að eiga samvinnu við Stafrænt Ísland í upphafi þessarar vegferðar.

Sveitarfélagið Reykjavík hefur enga sérstöðu nema fyrir það helst að vera stærst sveitarfélag. Það eru sömu þarfir sem þarf að uppfylla hjá notendum og því mikilvægt að koma sér saman um stafrænar lausnir.

Fulltrúi Flokks fólksins hefur gagnrýnt þetta í bráðum eitt ár, með bókunum, blaðaskrifum og fyrirspurnum og lifir enn í þeirri von að dropinn holi steininn. Því miður eru tugir eða hundruðum milljóna flognar út um gluggann í óskilgreinda ráðgjöf frá erlendum og innlendum fyrirtækjum og tilraunaverkefni án skilgreindra markmiða.